


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	BÓKF2FV05	
	Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	Leifur Brynjólfsson	Sk.st.	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja t.d. notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Fjallað er um helstu atriði launabókhalds. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvöruhegrymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær frekari æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- færslum varðandi innflutning á vörum
- helstu innflutnings skjölum
- tollafgreiðslu og greiðslu virðisaukaskatts í tolli
- gengisbreytingum og kostnaði
- fyrirkomulagi við geymslu á vörum í töllvöruhegrymslu
- fyrningum
- launabókhaldi þ.m.t. staðgreiðslu skatta, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- verðbótum, vöxtum og afborgunum af verðtryggðum skuldabréfum, arðgreiðslum o.fl.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum
- bóka færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign s.s. arð, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf o.s.frv.
- reikna út og gera upp virðisaukaskatt
- færa launabókhald og standa skil á staðgreiðslu skatta, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- færa færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja
- bóka færslur sem varða breytingar á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra
- nota töflureikni við útreikninga og færslu bókhalds

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- færa bókhald fyrir lítið fyrirtæki
- nýta sér upplýsingar um verðbætur, gengi, staðgreiðslu og skyld hugtök

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 3		
BÓKF2FV05		
Námsáætlun vorönn 2017		

Námsgögn:


Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2014). (Sama bók og í BÓK 103).

Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2008).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning á áfanganum. Tapaðar kröfur.	22, 23 og 24
3	Að selja vinnu.	25, 26 og 27
4	Birgðir, fasteignareikningur, bifreiðareikningur, fastafjármunir, veltufjármunir, veðskuldir, áhvílandi skuldir.	28, 29 og 30 Stöðupróf 1
5	Gjöld vegna fasteigna og bifreiða. Leigutekjur, viðskipti við útlönd, tollur og virðisaukaskattur í tolli.	31, 32 og 33 Moodleverkefni
6	Gengismunur, erlendar skuldir við reikningslokun. Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun.	34, 35 og 36
7	Aðrar tekjur. Launabókhald og launatengd gjöld. Launaseðill.	37, 38 og 39
8		40, 41, og 42
9		43, 44 og 45 Stöðupróf 2
10	Ný bók: Bókfærsla II Tapaðar kröfur og virðisaukaskatturinn.	1, 2 og 3 Moodleverkefni
11	Meðalálagning og mat vörubirgða. Skuldabréf.	4, 5 og 6
12	Afföll skuldabréfa.	7, 8 og 9 Stöðupróf 3
13	Sameignarfélag, hlutafélag.	10 og 11
14	Um verðmæti eigna.	15, 16 og 17
15	Páskafri	12, 13 og 14
16	Verðtrygging skuldabréfa	18, 19 og 20 Stöðupróf 4.
17	Innflutningur í gegnum tollvörugæmslu	22, 24 og 26 Moodleverkefni
18	Óbeinar afskriftir	29, 30 og 31

Verkefni: Nemendur vinna verkefnið í kennslubækurnar eða í töflureikni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	BÓKF2FV05	Námsáætlun vorönn 2017

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Próf í lok annar. Prófið samanstendur af dagbókarverkefni sem gildir 50% og reikningsjöfnuði og höfuðbók sem gildir 50%. Nemandi verður að ná a.m.k. 4,0 á lokaprófi til þess að vetrarvinna komi til einkunnar.		60%
Tímapróf	Fjögur tímapróf verða á önninni, þrjú bestu gilda 8,33% hvert.		25%
Vinnubækur	Vinnubókum skilað til kennara.		4%
Virkni	Ástundun, vinnusemi, vinnubrögð, frammistaða, umgengni, frágangur o.fl.*		5%
Moodlepróf	Próf á kennsluvefnum Moodle.		6%
	Samtals:		100%
Annað: Á tímaprófum annarinnar verður ekki boðið upp á sjúkrapróf.			

*Mat á virkni nema.

Óviðunandi virkni Einkunn 3	Slök virkni Einkunn 5	Viðunandi virkni Einkunn 7	Góð virkni Einkunn 8,5	Mjög góð virkni Einkunn 10
Nemandi hefur ekki góð áhrif á vinnu í kennslustundum, trúflar og tekur ekki leiðbeiningum og tiltali. Jafnvel þótt viðkomandi sé mættur er hægt að segja að þátttaka sé lítil eða engin.	Nemandi hefur verið fjarverandi umtalsverðan hluta kennslustunda (viðvera minni en 80%) og hefur átt í erfiðleikum eða hefur ekki sinnt nógu vel því að taka þátt í því sem er á dagskrá.	Nemanda hefur annaðhvort vantað í nokkrar kennslustundir (viðvera 80% eða meira) eða hefur átt í erfiðleikum með að taka þátt í því sem fram fer eða sinnir því lítið. (Síminn trúflar.)	Nemandi hefur tekið þátt í flestum kennslustundum (viðvera 90% eða meira) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá. Nemandi tekur yfirleitt vel þátt í því sem fer fram.	Nemandi hefur tekið þátt í öllum eða langflestum kennslustundum (viðvera 95% eða meiri) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá. Nemandi tekur þátt á uppbyggjandi hátt í því sem fer fram.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 6. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils